

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir starfsmannabústaði

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsmannabústaður er varanlegt íbúðarhúsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar í tengslum við atvinnustarfsemi.
- 1.2 Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabústaða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.
- 1.3 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Starfsmannabústaðir fyrir 4 aðila eða færri skulu uppfylla almennar kröfum um íbúðarhúsnæði samkvæmt byggingarreglugerð. Gólfhlötur í svefnrými skal vera minnst 4m² á mann.
- 2.2 Þegar starfsmannabústaðir eru fyrir 5 eða fleiri skal að auki vera til staðar að minnsta kosti eitt 18m² herbergi til tómsunda og félagsstarfa.
- 2.3 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.4 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.5 Ef ekki er um íbúð að ræða, skal vera handlaug í hverju herbergi ef ekki er þar snyrting.
- 2.6 Það skal að minnsta kosti vera eitt salerni og ein baðaðstaða fyrir hverja 10 íbúa. Stærð salernisklefa skal a.m.k. vera 1.2m².
- 2.7 Í hverju rúmi í svefnrými skal vera dýna, a.m.k. 2m á lengd og 80cm breið.
- 2.8 Þvottahús skal vera á staðnum.
- 2.9 Aðgangur skal vera að sérstakri loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.

3 Matvæli

- 3.1 Fara skal að ákvæðum matvælareglugerðar eftir því sem við á.

4 Hreinlæti og þrif

- 4.1 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.

- 4.2 Heilbrigðisfulltrúi getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun í sameiginlegu rými.
- 4.3 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu/-nýtingu úrgangs.
- 5.3 Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn og óvitar ná ekki til. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 184/2002 um flokkun spilliefna, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 55.23 Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting